

14. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar þriðjudaginn 11. jan. 2011 kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar. (En fundurinn átti að vera fimmtudaginn 6 . jan. en var frestað vegna veðurs.)

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Indriði Þóroddsson, Ævar Marinósson, Nanna Höskuldsdóttir, Jóhanna Helgadóttir, Reimar Sigurjónsson og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð á tölvu.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 21.12.2010

Fundagerðin lögð fram til kynningar

2. Samningur vegna þjónustu við fatlaða.

Lagður var fram samningur vegna þjónustu við fatlaða sem Norðurþing, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Tjörneshreppur og Langanesbyggð eru aðilar að, nokkur umræða fór fram um samninginn og sveitarstjóra falið að undirrita hann.

Samþykkt samhljóða.

3. Byggðakvóti 2010/2011

Í bréfi frá sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytinu kemur fram að Bakkafirði hafi verið úthlutað 186 þorskígildistonnum fyrir fiskveiðiárið 2010/2011

Lagt fram til kynningar.

4. Bréf frá Varasjóði húsnæðismála .

Lagt fram til kynningar .

5. Skýrsla sveitarstjóra

- Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.
- Sveitarstjóri fór yfir að þrjár umsóknir hafi borist vegna starfs slökkvistjóra. Sveitarstjóra falið að vinna áfram í málinu. *Samþykkt samhljóða.*
- Sveitarstjóri lagði fram 6 húsaleigusamninga á milli V Laugavegur ehf. og Langanesbyggðar sem eru til 10 ára og taka gildi þegar Langanesbyggð eru afhentar íbúðirnar en íbúðirnar á að reisa við Miðholtið, sveitarstjóra falið að undirrita samningana. *Samþykkt samhljóða.*

Fundagerðin upplesin og samþykkt, fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:06.